

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Bolungarvík, 12. apríl 2012

**Efni: Umsögn Blakkness ehf. um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða, 657. mál, og til laga um veiðigjöld, 658. mál.**

Undirritaðir, eigendur útgerðarfélagsins Blakkness ehf., lýsum yfir miklum áhyggjum af þeim breytingum á lögum sem boðaðar eru í ofangreindum frumvörpum sem eru til meðferðar í atvinnuveganefnd Alþingis og teljum að taka þurfi þau til endurskoðunar.

Félagið gerir út krókaafلامarksbátinn Einar Hálfðans ÍS-11, með heimahöfn í Bolungarvík. Bátinn lét útgerðin smíða hjá Trefjum ehf. í Hafnarfirði. Báturinn kom til Bolungarvíkur í október 2009. Félagið stundar línuveiðar og er handbeitt í landi. Starfsmenn útgerðarinnar eru 10 talsins, 6 í landi og 4 á sjó.

Á árunum 2007 - 2008 var aðaláhersla félagsins á ýsuveiðar en á þeim tíma var tiltölulega auðvelt að verða félaginu út um leigu á ýsu á sanngjörnu verði. Frá því hefur ýsukvótinn hins vegar verið skertur verulega. Frá og með fiskveiðiarinu 2009 – 2010 hefur verið nánast útilokað að fá ýsu leigða. Þá þrengdist verulega með leigu á þorski og steinbít. Var því gripið til þess ráðs að kaupa aflaheimildir til að tryggja verkefni fyrir bátinn og atvinnu fyrir starfsmenn félagsins allt árið um kring.

Útgerð Einars Hálfðans ÍS-11 hefur gengið vel og var báturinn aflaghæstur krókaafلامarksbáta fiskveiðiaríð 2010 - 2011 með 1.450 tonn sem og á almanaksárinu 2011 með 1.400 tonn.

### **Aflaheimildir félagsins**

Í dag hefur félagið og tengd félög yfir að ráða 564.517 kg þorskígildum sem greinast með eftirfarandi hætti niður á fisktegundir:


Þorskur	365.685 kg
Ýsa	122.969 kg
Steinbítur	97.769 kg
Ufsi	9.195 kg
Karfi	1.980 kg
Langa	1.318 kg
Keila	859 kg

Hér að neðan er tafla sem sýnir þróun á krókaafhlutdeildum útgerðarinnar og tengdra félaga sem og upplýsingar um leigt krókaafلامark:

fiskveiðiár	Þorskur		Ýsa		Steinbítur	
	úthlutun	leiga	úthlutun	leiga	úthlutun	leiga
2007 - 2008	33.151 kg	11.052 kg	291 kg	113.126 kg	0 kg	25.714 kg
2008 - 2009	63.347 kg	74.913 kg	0 kg	210.738 kg	0 kg	156.816 kg
2009 - 2010	53.230 kg	290.688 kg	73.200 kg	224.486 kg	21.477 kg	233.267 kg
2010 - 2011	213.559 kg	85.163 kg	148.320 kg	2.040 kg	23.966 kg	373.406 kg
2011 - 2012	365.685 kg	26.525 kg	122.969 kg	26.509 kg	97.769 kg	71.611 kg

Að baki ofangreindum aflaheimildum standa fjölmörg viðskipti. Kvótakaup félagsins voru forsenda þess að unnt væri að gera út allt árið um kring og skapa þannig atvinnu í fæðingarbæ okkar. Erfitt hafði reynst að treysta á leigukvóta og var okkur því nauðugur einn kostur að ráðast í þessi umfangsmiklu kaup á aflaheimildum.

Við höfum á þessum árum lagt áherslu á að auka veiðirétt okkar í ýsu sem jafngildir greiðslu á 236 tonnum. Því miður hefur Hafrannsóknastofnun ekki litið sömu augum og sjómenn á styrk ýsustofnsins og eru veiðiheimildir útgerðarinnar nú aðeins 45% af því sem var fyrir fjórum árum sem rýrt hefur ýsuheimildir okkar um 113 tonn. Ákvæði frumvarpsins um stjórn fiskveiða gerir svo ráð fyrir að hinn tapaði fyrri veiðiréttur útgerðarinnar í ýsu verði ekki endurheimtur nema að hluta.



## **Hækkun veiðigjalds**

Eins og að framan greinir hefur útgerð okkar unnið markvisst að því að auka aflaheimildir sínar. Aldrei hefði hvarflað að okkur að ráðast í þessi umfangsmiklu kaup á aflaheimildum ef fyrir hefðu legið upplýsingar þess efnis að veiðigjald yrði snarhækkað í einni svipan eins og frumvarp til laga um veiðigjöld gerir ráð fyrir. Þessi gríðarlega hækkun kemur sérstaklega illa við útgerðir eins og okkar þar sem skuldir félagsins eru yfir 90% vegna kaupa á aflaheimildum.

Boðuð hækkun kemur sér ekki einungis illa fyrir Blakknes ehf. heldur kemur hækkunin sér mjög illa fyrir byggðarlag eins og Bolungarvík. Í bæjarfélaginu töpuðust nánast allar aflaheimildir á árunum 1993-1999. Með áræðni og dugnaði Bolvíkinga eru aflaheimildir bæjarfélagsins nú komnar yfir 8 þúsund tonn í þorskígildum, sem er undirstaða byggðar í Bolungarvík.

## **Afleiðingar frumvarps til laga um veiðigjöld**

Verði frumvarp um veiðigjöld að lögum mun útgerðin lenda í greiðsluvandræðum vegna skulda sem félagið hefur stofnað til vegna kaupa á aflaheimildum.

Skuldir Blakkness ehf. og tengdra félaga nema um 883 millj. eða 1.564 kr. á hvert þorskígildiskíló. Aflaheimildir duga Einari Hálfðans ÍS-11 í um 7-8 mánuði. Áætlað aflaverðmæti þeirra nemur um 259 millj. Hugsanlega er þetta aflaverðmæti ofmetið þar sem frumvarpið um stjórn fiskveiða gerir ráð fyrir skerðingu aflahlutdeilda og línuívilnunar vegna ráðstöfunar í leigupotta. Rekstargjöld án veiðigjalda, afskrifta og vaxta áætlast um 141 millj. og framlegð (EBITDA) því 118 millj. Áætlaðar afborganir og vextir langtímalána nema um 129 millj. Greiðslustaða er því neikvæð um 11 millj. og er þá ekki farið að reikna með veiðigjaldi. Á meðal skulda félaganna eru skuldir við okkur eigendurna. Að kröfu viðskiptabanka félagsins höfum við þurft að undirgangast kvöð um að greiða ekki okkar skuldir nema með samþykki bankans. Hefur það orðið til þess að félagið hefur ávallt getað staðið í skilum með skuldir og greitt veiðigjald sem nemur um 5 millj. á núverandi fiskveiðiári.

Okkur reiknast svo til að frumvarpið leiði til sexföldunar veiðigjalds og nema um 30 millj.

## **Framsal milli kerfa nauðsynlegt**

Verði frumvarp um stjórn fiskveiða að lögum verður lagt bann við flutningi aflamarks niður í krókaafلامarkskerfið. Við fullyrðum að slík ákvörðun er þjóðhagslega óhagkvæm. Á undanförunum árum hefur gengið illa að veiða úthlutað aflamark í ýsu. Veiði krókaafلامarksbáta á ýsu á grunnslóð hefur hins vegar gengið mun betur og hafa þeir leigt þúsundir tonna úr aflamarkskerfinu. Útgerðin hefur nýtt sér þetta og leigt umtalsvert af ýsu þaðan. Einnig hefur

félagið leigt þaðan steinbít. Með þessu hefur okkur verið unnt að gera bátinn út allt árið og því ekki þurft að segja starfsmönnum upp störfum vegna verkefnaskorts.

Með boðuðum breytingum verður mjög erfitt fyrir útgerðina að útvega aflaheimildir til leigu. Þá er einnig gert ráð fyrir að heimild til framsals verði lækkuð niður í 30%. Breytingarnar munu því ásamt öðru leiða til þess að útgerðin getur ekki veitt starfsmönnum sínum atvinnu allt árið.

### **Niðurlag**


Áætluð tekjuaukning ríkissjóðs af frumvörpunum teljum við stórlega ofmetna. Við erum sannfærðir um að þær skuldbindingar sem boðaðar eru í frumvörpunum muni ekki verða til hagsbóta fyrir þjóðfélagið og hinar dreifðu byggðir.

Við teljum okkur hafa rekið útgerð okkar af hagkvæmni. Við fullyrðum að þar sé hvergi bruðl að finna og aldrei hefur verið greiddur út arður til eigenda. Frumvörpin munu kippa fótunum undan rekstrargrundvelli útgerðarinnar, leiða til uppsagna starfsmanna og gera félaginu ómögulegt að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar.

Með vísan til alls framangreinds ítrekum við áhyggjur okkar af frumvörpunum og hvetjum atvinnuveganefnd til þess að taka frumvörpin til endurskoðunar og skoða gaumgæfilega afleiðingar þeirra á hinar ýmsu byggðir landsins.

**f.h. Blakkness ehf.**

  
Guðmundur Einarsson

  
Jón Þorgeir Einarsson